



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 55. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 30. mars 2016
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Zophonías Ari Lárusson formaður
Guðmundur Haukur Jakobsson varaformaður
Oddný María Gunnarsdóttir aðalmaður
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

Dagskrá:

1. Veiðifélag Blöndu og Svartár - aðalfundarboð - 1603025

Boðað er til aðalfundar Veiðifélags Blöndu og Svartár í Húnaveri laugardaginn 2. apríl kl. 13:30.

Byggðaráð samþykkti að Guðmundur Haukur Jakobsson fari með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.

Lagt fram til kynningar.

2. Reiðveganefnd Neista - umsókn vegna viðhalds og lagningu reiðvega 2016 - 1603026

Hestamannafélagið Neisti hyggst ráðast í viðhald á reiðvegum í nágrenni Blönduósbæjar, gerð reiðvegar með Reykjabraut og halda áfram með reiðveg fram með Svínvetningabraut.

Óskað er eftir fjárframlagi frá sveitarfélaginu til fyrrgreindra framkvæmda fyrir árið 2016.

Byggðaráð hafnar erindinu.

3. Upplýsingamiðstöð - 1603021

Sveitarstjóri kynnti framgang vinnu við opnun upplýsingamiðstöðvar á Blönduósi.

4. Framkvæmdir við Hnjúkabyggð 33 - 1603027

Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar, mætti undir þessum lið og kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir við Hnjúkabyggð 33.

5. Önnur mál - 1510017

Engin önnur mál.



Byggðaráð

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50

Zophonías Ari Lárusson

Guðmundur Haukur Jakobsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Arnar Þór Sævarsson